

14. gr.

Í stað núverandi upptalningar undir: Sjóðstreymi, Rekstrarhreyfingar í viðauka IV komi eftirfarandi:

SJÓÐSTREYMI*Rekstrarhreyfingar:*

Hagnaður ársins

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:

Verðbætur og gengismunur

Framlag í afskriftareikning útlána

Tekjuskattur, breyting á skattskuldbindingu

Aðrir liðir

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum

Handbært fé frá rekstri

15. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sbr. eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum í árslok 2001 skal leystur upp og færður með óráðstöfuðu eigin fé í reikningsskilum fyrir árið 2002.

16. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 57. gr. laga nr. 113/1996, um viðskipta-banka og sparisjóði, og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en við-skriptabanka og sparisjóði, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. október 2002.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Kaupangs. Á skipulagsreitnum, sem er um 4,3 ha, er gert ráð fyrir 10-12 lóðum fyrir íbúð-arhús og auk þess athafnasvæði fyrir léttan iðnað, verkstæði eða vörugeymslur.

Eyjafjarðarsveit, 25. október 2002.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.